



Stjórnarfundur ÚÍA

Haldin á skrifstofu ÚÍA, þriðjudaginn 22.09. 2020

Mætt eru Gunnar Gassi Gunnarsson, Gunnar Gunnarsson, Benedikt Jónsson og Þórunn María Þorgrímsdóttir og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir (Bobba).

Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar stjórnar og Sambandsþings.
- Skipun nýrrar stjórnar
- Sprettur
- Heimsókn í skóla (ræða tillögu Leiknis á Sambandsþingi)
- Verkefni framundan: skrifstofa
- Önnur mál.

Fundargerð síðasta fundar stjórnar og Sambandsþings.

- Gerð er athugasemd við ártal í fundargerð síðustu stjórnar (05.08) og mun framkvæmdarstjóri lagfæra hana.
- Fundargerðirnar eru að öðru leyti samþykktar.

Skipun nýrrar stjórnar

- Gunnar leggur til að Benedikt verður áfram gjaldkeri og Bobba verður ritari stjórnar. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Farið yfir mögulega fundartíma stjórnar og skoðað hvort að einhver tími henti betur en annar. Þriðjudagar henta t.d. Elsu ekki vel. Ester vinnur aðra hverja viku og því væri hentugt að hafa fundi á vikum sem bera sléttar tölur.

Sprettur

- ÚÍA hefur verið í samstarfi við Alcoa um Sprett. Ekki hefur verið hægt að auglýsa styrkúthlutn í sumar þar sem að Alcoa er að draga saman styrki. Alcoa mun styrkja um 3 milljónir haustið 2020 en hingað til hefur upphæðin verið 3,5 milljónir á ári.

- Unnið hefur verið í nýjum úthlutunarreglum. Mikilvægt er að breyta reglunum í samræmi við nýjan samning.
- Stjórn ÚÍA leggur til að úthlutunarnefnd Spretts geti úthlutað allt að tvær milljónir í þessari úthlutun.
- Kanna þarf hve mikil upphæð er í ósóttum og þ.a.l fyrndum styrkjum. GGG er falið að kanna hve eignarstaða sjóðsins er og auglýsa úthlutun.

Heimsókn í skóla (ræða tillögu Leiknis á Sambandsþingi)

- Samþykkt var á þingi að ÚÍA myndi beita sér fyrir kynningu á íþróttastarfi í grunnskólum á aðildarsvæðinu. Þónokkur umræða var um það hvernig á að framkvæma þetta og með hvaða hætti ÚÍA gæti komið inn í þessa kynningu. Mikilvægt er að hafa einhvern aðila í svona kynningu sem nær til grunnskólabarna, hvort sem að það er einhver landsfræg/ur (Jón Jónsson) og/eða íþróttaiðkandi á hverjum stað sem krakkar líta upp til.

Þórunni Maríu er falið að ræða við Denna (Stein) um það hvernig hann hafði hugsað þessa tillögu.

Einhver sjóður er til sem hægt væri að nota í þessi mál.

Verkefni framundan:

- Heimasíða
 - Þórunn María bendir á að mikilvægt er að uppfæra heimasíðu reglula, m.a. m.t.t. tengiliði aðildarfélaganna.
- Hitta félögin
 - Mikilvægt er að framkvæmdarstjóri ÚÍA hitti forsvarsmenn félaganna til að sjá og heyra frá þeim hvernig þeir vilja að ÚÍA þjónusti félögin. Þannig er hægt að fá upplýsingar um það hvað þau eru að gera og sjái hverjar áskoranir þeirra eru. Með þessum hætti er verið að gera ÚÍA sýnilegri.

Formaður leggur til að framkvæmdarstjóri setji sig í samband við félögin og skipuleggi heimsóknirnar.

- Launafsbikarinn
 - Spyrnir varð Launafsbikarmeistari 2020. Fyrir næstu keppni þarf að ræða það hvort að breyti eigi keppninni í 7 manna bolta
- Snæfell
 - Byrja þarf að huga að efni fyrir blaðið og þá jafnvel hvort að það sé einhver annar sem gæti skrifað í blaðið á móti Gunnari Gunnarssyni.
- Námskeið á vegum Æskulýðsvettvangsins
 - Klára þarf það námskeið sem byrjað var í vor

Önnur mál

- Formaður spyr m.a. nýja stjórnarmeðlimi hverjar væru helstu áskoranir hjá félögum.
 - Þjálfaramál hjá félögum – oft erfitt að fá þjálfara

- Ferðakostnaður félaga ef að liðið lendir í því að leikjum sé frestað vegna sóttkvíar.
- Fjöldi iðkenda í vissum íþróttagreinum og byggðarfélögum getur verið áhyggjuefni. Erfitt getur verið að ná í lið á fámennari stöðum m.a. vegna þess að félög hafa fáa iðkendum.
- Er ekki lengur gaman að keppa? Hefur iðkendum farið fækkandi eftir því sem að kröfurnar verða meiri?
- Formannfundur UMFÍ 23. – 24. október á hótél Geysi. Stefnt er að því að Gunnar og Benedikt fari á fundinn.

Stefnt er að því að hafa næsta fund fimmtudaginn 29.10

Fundi slitið kl. 19:43

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir